



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun haustönn:** Enska 4. bekkur málabrautar – ENSK2OR09

**Kennarar:** Sigurður Páll Guðbjartsson (sigurdurp@mr.is)

**Markmið:** Að nemendur

- efli orðaforða sinn í ensku
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli.
- kynnist enskum bókmenntum frá ýmsum tímum, bæði í bundnu máli og óbundnu
- efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stutta texta um bækur sem og gert útdrætti úr lesnu efni.

**Kennslugögn:**

- **Enskir leskaflar handa 4. bekk málabrautar** (fjölrit MR)
- **Enskt ljóðahefti handa 4. bekk máladeildar:** (fjölrit MR)
- **Enskar smásögur handa 4. bekk** (fjölrit MR)
- **Ritgerðir og önnur skrifleg og munnleg verkefni**
- **Skáldsaga á haustönn:** *Animal Farm* eftir George Orwell.
- **Leikrit á vorönn:** *The Importance of Being Earnest* eftir Oscar Wilde
- **Kjörbækur á vorönn:** *Felix Ever After* eftir Kacen Callender, *Internment* eftir Samira Ahmed, *The Night Diary* eftir Veera Hiranandani og *Oscar Wilde and the Candlelight Murders* eftir Gyles Brandreth.
- **Skrifleg og munnleg verkefni**

**Námsmat:** Skiptist í þrennt - Jólapróf, vorpróf og námseinkunn

**Jólapróf:** Skriflegt próf í 90 mínútur ásamt hlustunarprófi í tíma.

**Vorpróf:** Skriflegt próf í 90 mínútur ásamt hlustunarprófi í tíma.

**Námseinkunn** byggist á frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Ritunarverkefni - **10%**, Kjörbók- **15%**, Animal Farm – **15%**,

The Importance of Being Earnest - **10%**, Fyrirlestur – **10%**, Orðaforðapróf **20%** og Ástundun – **20%**

**Athugið:** Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms skal vísa honum úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.